



## Nýtt giljadrag í Terra Sirenum

ESP\_032011\_1425



HIGH RESOLUTION IMAGING  
SCIENCE EXPERIMENT  
UAHIRISE.ORG/IS



Giljadrög finnast við miðlæggar breiddargráður á Mars, sér í lagi á hálendinu á suðurhveli. Venjulega hafa þessar jarðmyndanir hvíltir efst og farveg sem liggur niður frá henni í skriðsvuntu, þar sem efnið sem flust hefur úr hvíltinni er að finna. Á myndum HiRISE hafa fundist mörg dæmi um virk giljadrög, sennilega af völdum árstíðabundins koldíoxíðhríms (þurrís). Undanfarin ár hefur eitt helsta viðfangsefni HiRISE verið að taka myndir af giljadrögum í leit að breytingum á þeim, þar sem leitast er eftir að skilja yfirborðsferlin sem eru virk í dag.